



Umsögn um drög að frumvarpi um *tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík*.  
Mál 675.

Okkar athugasemdir eru þessar við drögin að frumvarpinu:

Við sem eigendur að Vélsmiðjunni Suðupunktur ehf kt: 4600123-0460 gerum athugasemdir við þann langa tíma sem hefur liðið frá hamförunum og að þessum drögum. Við erum búin að vera á mjög lágum afköstum frá rýmingu þar sem mestur tíminn hefur farið í að keyra með tæki og tól í Hafnarfjörð annað hvort til að koma þeim í skjól úr Grindavík eða fara aftur til baka til Grindavíkur að reyna að vinna eitthvað, og svo að koma okkur fyrir. Aukakostnaðurinn er því orðinn frekar hár fyrir utan að tæki og tól hafa svo lokast inni í bænum í vikum talið eftir gos utan bæjarmarka Grindavíkur með tilheyrandi töfum á verkefnaskilum. Við það bætist svo klukkutíma keyrsla um Krýsvíkurveg á hverjum degi inn í bæinn á meðan það var hægt að vinna þar.

Við erum farin að leigja aðstöðu í Hafnarfirði svo við getum haldið okkar starfsemi gangandi og skilað af okkur verkum á réttum tíma og það kostar mun meira en að reka húsnæðið okkar í Grindavík og er einnig mun minni húsakostur sem við höfum leigt. Og það er einnig dýrt að reka 2 húsnæði á sama tíma.

Við eigum einnig iðnaðarhúsnæði á svæðinu sem voru í útleigu til annarra fyrirtækja og þau fyrirtæki eru farin af svæðinu vegna aðstæðna og því höfum við ekki fengið neinar leigutekjur frá 10. nóvember s.l. og stefnir í að þær verði ekki í bráð þar sem rekstrargrundvöllur þeirra fyrirtækja er ekki góður innan Grindavíkur í þessum aðstæðum. Þar höfum við ekki notið neins stuðnings. Einnig eru skemmdir á einhverjum af þeim eignum svo það mundi taka tíma að laga þær eignir áður en hægt væri að nota áfram og fá leigutekjur aftur inn.

Við viljum gera athugasemd við það að ekki komi fram í þesu frumvarpi hvernig eigi að bæta okkur fyrirtækjaeigendum þann kostnað sem við höfum þurft að greiða aukalega í þessum náttúruhamförum við rýmingu, björgun verðmæta og svo framvegis.

Varðandi lánamál þá er nauðsynlegt að fyrirtæki fái sömu meðferð með niðurfellingu vaxta á meðan á frystingu stendur eins og einstaklingar. Og það sama á við uppkaup á atvinnuhúsnæði. Það er nauðsynlegt að fyrirtæki og lögaðilar fái líka sama möguleika og einstaklingar með uppkaup á fasteign. Það hentar bara ekki öllum fyrirtækjum að hefja aftur störf strax fyrir sunnan. Það er ekki fýsilegur kostur eins og í okkar stöðu að keyra með þunga kerru fulla af efni af höfuðborgarsvæðinu um krýsuvíkurveg inn til Grindavíkur. Vinna verkið og keyra svo aftur með verkefnið á kerru um Krýsuvíkurvegin til höfuðborgarsvæðisins sem er okkar aðal vinnusvæði. Það skapar bara líka aukna hættu á þessum vegi sem ekki var byggður með alla þessa umferð í huga. En það á að sjálfsgöðu að styðja við þau fyrirtæki sem vilja og geta unnið í Grindavík áfram.

Virðingarfyllt

Unnar Ástbjörn Magnússon kt. 070275-5119

Petra Rós Ólafsdóttir kt. 030480-5549